



TÓLF LEIÐBEININGAR UM SAMSKIPTI VIÐ FJÖLMIÐLA

Údráttur © 1985 The Augustine Fellowship, S.L.A.A., Fellowship-Wide Services, Inc. Öll réttindi áskilin.

Samtök ástar- og kynlífsfíkla

1. Við forðumst að vekja óparfa athygli á S.L.A.A. í heild sinni í opinberum fjölmiðlum.
2. S.L.A.A.-samtökin taka ekki afstöðu til annarra mála en sinna eigin. Nafni þeirra ætti því að halda utan við deilur og dægurþras.
3. Afstaða okkar út á við byggist fyrst og fremst á aðlöðun en ekki áróðri.
4. Sérstaklega er varað við öllu einstaklingsframtaki án samráðs, af hálfu hvaða S.L.A.A. félaga sem er, til að koma S.L.A.A. á framfæri í fjölmiðlum í hvaða mynd sem er.
5. Allar ákvarðanir um hvort við hæfi sé að samþykkja eða hafna sérhverju tækifæri um aðgang að fjölmiðlum eða til almannatengsla verða að vera teknar af samvisku deildar eða hóps og ennfremur, ef til þess kemur að slíkt tækifæri er þegið, á hvaða hátt það skuli nýtt, í anda þessara leiðbeininga.
6. Öllum boðum um aðgang að fjölmiðlum eða til almannatengsla sem bjóðast S.L.A.A. og háð eru skilyrðum um tímafrest sem veldur því að sniðganga þarf sameiginlega ákvarðanatöku samvisku deildar eða hóps skal hafna.
7. Alltaf skulu að minnsta kosti tveir S.L.A.A. félagar í fráhaldi koma að öllum kynningum í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi. Þeir S.L.A.A. félagar sem taka þátt í slíkri kynningu skulu alltaf gera ljóst að þeir geta aðeins tjáð sig sem einstaklingar en ekki fyrir S.L.A.A. sem slíkt. Enginn S.L.A.A. félagi ætti nokkurn tímann að lenda í þeirri stöðu að virðast tala fyrir hönd S.L.A.A. í heild sinni.
8. Sérhver S.L.A.A. félagi sem tekur þátt í að svara boði um að koma fram í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi ætti að alltaf að gera það undir nafnleynd. Einnig er eindregið mælt með því að koma ekki fram undir þekkjanlegri mynd í sjónvarpi, kvikmynd eða öðru myndskleiði í slíkum tilgangi. Við þurfum ávallt að gæta nafnleyndar í prentmiðlum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndum og öðrum opinberum miðlum.
9. Við forðumst þátttöku opinberum vettvangi, vinnustofum eða öðrum fjölmiðlaviðburðum þar sem virðast vera einhverjar líkur á því að S.L.A.A. verði stefnt gegn andstæðum eða óvinveittum viðhorfum eða talsmönnum annars konar hagsmuna eða málstaðar.
10. Viðeigandi þrep „samvisku deildar eða hóps“ sem taka þarf á málum varðandi fjölmiðlun og almannatengsl er það þrep sem er fulltrúi S.L.A.A. á því svæði sem viðkomandi umfjöllun nær til. Tækifæri í fjölmiðlum og almannatengslum sem myndu hafa áhrif á stærra svæði S.L.A.A. ætti að bera undir „samvisku deildar eða hóps“ sem þjónar því stærra svæði. Sérhvert þrep samvisku innan S.L.A.A. getur kosið að skipa samviskuhóp um kynningarmál, sem ábyrgur er gagnvart samviskunni sem hana skipar, og þjónar þá sem vettvangur samviskunnar til samráðs og ákvarðana í málum sem varða tækifæri til fjölmiðlunar og almannatengsla á því þjónustustigi.
11. Sérhverju tækifæri til fjölmiðlunar og almannatengsla sem gæti hugsanlega haft áhrif á S.L.A.A. í heild sinni ætti að bera undir samvisku alþjóðasamtakanna í heild, sem er trúnaðarráð F.W.S.
12. Mælt er með því að á sérhverju þrepi samviskunnar sé ákvörðun, sem varðar fjölmiðlun og almannatengsl, ekki tekin fyrr en að undangenginni hljóðri stund í eina mínútu til að hugleiða saman og greiða þannig götu fyrir því að við skynjum handleiðslu guðs sem er grundvöllur S.L.A.A. og tryggjum þannig að ákvörðun samviskunnar endurspegli sannarlega vilja æðri máttar í málefnum S.L.A.A.